



Leiðbeiningarreglur Borðtennissambands Íslands varðandi persónulegar myndbandsupptökur á mótum.

Þessar leiðbeiningarreglur voru unnar í samráði við Persónuvernd og ÍSÍ.

**Varðandi leikmenn eldri en 18 ára:**

Leikmenn og þjálfarar þeirra hafa heimild til að taka upp leiki á mótum til einkanota og þarf ekki að afla sérstaks samþykkis fyrir upptöku. Ef slíkt myndband er birt opinberlega þarf að afla samþykkis fyrir þeirri birtingu hjá þeim leikmanni sem keppt er við.

**Varðandi leikmenn yngri en 18 ára:**

Leikmenn og þjálfarar þeirra hafa heimild til að taka upp leiki á mótum til einkanota og þarf ekki að afla sérstaks samþykkis fyrir upptöku. Ef slíkt myndband er birt opinberlega þarf að afla samþykkis fyrir þeirri birtingu hjá forráðanda þess leikmanns sem keppt er við. Óski leikmaður sem keppt er við eða forráðandi hans eftir því að leikur verði ekki tekinn upp þá ber undantekningalaust að virða þá ósk.

Reykjavík, 19. janúar 2024  
Stjórn BTÍ